

5 ungir listamenn í Kjarvalssal

Á Kjarvalsstöðum hefur staðið yfir sýning 5 listamanna, Steingríms Þorvaldssonar, Magnúsar V. Guðlaugssonar, Stefáns Axels Valdimarssonar, Ómars Skúlasonar og Péturs Stefánssonar. Allt yfirbragð þessarar sýningar er ferskt og kraftmikið, þótt listamennirnir séu um margt mjög ólíkir.

Það má nú segja að „nýja málverkið“ svokallaða sé komið í nokkuð fastar skorður hér á landi, a.m.k. sá hluti þess sem hingað hefur borist. Eins og svo mörgu sem til landsins berst af erlendum liststraumum, hefur þessari evrópsku bylgu verið sniðinn nokkuð þröngur stakkur, sem er síst til bóta. Þannig má segja að helst beri á þýskættum expressionisma og hann eigi meiri hljómgrunn í íslenskum málurum um þessar mundir en annað sem einkennir nýja málverkið erlendis.

Það er í sjálfu sér ekki svo slæmt, því ef það er nokkuð sem brjóta mátti upp í íslenski myndlist, þá var það hið innantóma nóstur sem einkennt hafði svo lengi listjámningu okkar. Hitt er annað mál að fyrst og fremst verða menn að gera upp við sig hvert þeir vilja stefna. Og það er óháð tækninni, því hún er fyrst og fremst tæki til að undirstrika það sem menn hafa að segja. E.t.v. er það einmitt ástæðan fyrir þröngingu allra strauma í íslenski

myndlist, að of margir hafa tamið sér ákveðna tækni a priori, áður en þeir voru búnir að átta sig á því hvert hugur þeirra stefndi, eða hvað þeir vildu raunverulega tjá með list sinni.

Þeir tímar eru nú liðnir að listamenn geti falið sig bak við túlkun gagnrýnandans eða listfræðingsins og svarað því til að þeir viti manna minnst um inntak eigin verka. Nú verða þeir að kunna skil á því sem þeir eru að bera á borð fyrir áhorfendur, betur en nokkur annar. Verkið er þó alltént hugarfóstur listamannsins.

Á Kjarvalsstöðum finnur áhorfandinn fyrir ákveðnum vilja þessara fimm listamanna til að



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

ganga nýjar brautir og víkka út merkingu málverks og teikninga. Þeim ferst það ágætlega úr hendi þótt enn örlí á vissum taglhnýtingshætti gagnvart erlendum listamönnum sem gert hafa garðinn frægan á undanförunum árum. Það sem er þó mest um vert er greinileg tilraun til að takast á við hlutina.

Þeir Steingrímur Þorvaldsson og Magnús V. Guðlaugsson hafa markað sér skýran og nokkuð persónulegan stíl, sem gefur þeim ýmislegt í aðra hönd, svo fremi þeir útvíkki það sem þeir bera á borð. Spurning er hvort Magnús þurfi ekki að ganga lengra í klippimyndum sínum. Hann hefur þegar sýnt okkur hvað í þeim felst og því er mál fyrir hann að gera eitthvað meira.

Stefán Axel kemur mér á óvart með kraftmiklum málverkum sínum. Þótt sum þeirra séu full „þýsk“ í anda og innihald þeirra eigi því lítið erindi til okkar, eru önnur verk hans persónuleg og full af fyrirheitum. Pétur Stefánsson sýnir ágæt tilþrif í teikningum sínum. Hann er eini listamaðurinn sem ég hef séð þora að ganga í smíðju til Kjarvals og koma þaðan með persónulega hluti.

Ómar Skúlason rekur lestina og er töluvert frábrugðinn kollegum sínum í anda og efni. Ég stend við það sem ég hef áður sagt um myndir hans, að þær eru næmlega gerðar en skortir einhverja innri virkni. Þetta stafar kannski af þeirri einföldu ástæðu að Ómar þykist þegar viss um hvað kallast geti fallegt og hvað ljótt. En slíka vissu getur listamaður ekki haft, eigi verk hans að segja okkur eitthvað nýtt.

Sýning fimmmenninganna verður opin fram að jólum, eftir því sem ég best veit.

HBR



NÝJAR BÆKUR

Óhrein börn Þorsteins G. Þorsteinssonar

Óhrein börn heitir ljóðabók eftir Þorstein G. Þorsteinsson sem komin er út myndskreytt af Árna Elvar.

Í þeim tuttugu ljóðum eða svo, sem kveríð geymir, er víða komið við í veröld nútímans, staðreyndir hans, sumar fremur „óskáldlegar“ í upphafi eru þar nokkuð fyrirferðamiklar. Og það er líka brugðið upp ýmsum eilífðarmálum eins og í upphafi kvæðis sem heitir Návist:

„Leggðu allt í sölnurnar fyrir sérhvert andartak sem þú dvelur í návist annarra“.


Ármann Kr á norsku

Fyrir rúmri viku kom út á nýnorsku hjá forlagi Norsk Barn- og barnabók Ármanns Kr. Einarssonar, Himnaríki fauk ekki um koll. Hún er einkar fallega út gefin og ber heitið Himmelríks-Hutta. Er það 16. bók Ármanns sem þýdd er á norska tungu. Þýðandinn er Asbjörn Hildremyr, en teikningar eru eftir Pétur Halldórsson. Kápumynd gerði Freda Magnússen.

Umsagnir blaða um bókina hafa ekki enn borist, en á bókar-arkápu stendur þetta meðal annars:

Bókin er viðburðarík og sönn lýsing á því umhverfi, sem viss hluti íslenskra barna vex upp í, í hinni ört vaxandi borg, Reykjavík.

Við kynnumst engum auðveldum lausnum á erfiðleikum Simma. En við kynnumst veröldinni eins og hún birtist honum. Og í sumarbústaðnum þeirra, sem drengurinn nefnir Himnaríki, finnur hann mesta öryggið, — stundum með föður sínum, en stundum einnig í sínum eigin hugarheimi.



Séra Ralph sjónvarpspáttanna.

Metsölubókin Þyrnifuglarnir

Út er komið sem mánaðar- bók í Bókaklúbbum Veröld, hið mikla ritverk Colleen McCullough „Þyrnifuglarnir“. Það tók skáldkonuna tvö ár að semja þessa vinsælu skáldsögu sem síðan hefur komi út um allan heim

Eins og íslenskir sjónvarpsáhorfendur vita hafa „Þyrnifuglarnir“ verið kvikmyndaðir fyrir sjónvarp og um þessar mundir er einmitt verið að sýna þættina viðsvegar um heim.

„Þyrnifuglarnir“ spanna sögu þriggja kynslóða en bókina hefst á Nýja-Sjálandi, berst til Ástralíu og svo til Evrópu. Í „Þyrnifuglunum“ fjallar Colleen McCullough ekki aðeins um vonir, metnað og tilfinningar aðalpersóna sinna. Bók hennar er full af spennandi viðburðum, merkilegum persónum og áhrifaríkum myndum úr u mhverfi sögupersónanna. Litríkar persónur mynda listrænan ramma um líf klerksins metnaðarfulla, föður Ralph de Brissart og Meggie og um líf fátækra og ríkra í áströlsku óðali.

Kolbrún Friðþjófsdóttir þýddi bókina sem fyrst var gefin út af Ísafold árið 1981. Bókin er 662 blaðsíður í stóru broti.


Hýmingur

Út er komin bókina HÝMINGUR eftir Veru Roth Karlsdóttur. Bókin er smásagnasafn, ásamt ljóðum og teikningum, sem höfundur hefur dregið fram úr þússi sínu.

Sögurnar eru af ýmsum toga, s.s. ævintýri „þjóðleg fræði“ og endurminningar. Fjalla þær m.a. um mannsins böll og bjartar vonir.


Vera er 21 árs Reykjavíkurnót, uppalin í litla rauða húsinu á Freyjugötunni. Núna er hún nemandi í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti. Áður hefur komið út eftir hana ónefnd breiðskífa með píanóglamri, og nokkrar sögur í tímaritinu Zeitschrift Für Alles.

Hýmingur er 64 síður, í 300 tölusettum eintökum sem eru árituð af höfundi. Bókin er gefin út af Dieter Roth Verlag, og prentuð í Grafík hf. Hún fæst hjá Máli og menningu og í Bókaverslun Sígúsar Eymundssonar.



Hversvegna hvenær hvernig hvar?

Bókaklúbbur Arnar og Örylgs hefur nýlega gefið út bókina Hversvegna, hvenær, hvernig, hvar? Hér er á ferðinni myndskreytt fjölræðibók



Músíkalska músin

Út er komin hjá Helgafelli Músíkalska músin eftir Þórunnu Gröndal en bókina hlaut viðurkenningu í samkeppni um smásögur handa börnum sem Samtök móðurmálskennara efndu til í fyrri. Þetta er saga um litla mús, sem settist að í píanói og spaugileg atvik sem af því hlutust. Bókin er með stóru lettri og aðgengilegum lesendum. Margrét Magnúsdóttir myndlistarnemi myndskreytti bókina og er stór litrík klippimynd á hverri opnu. Bókin er innbundin og í stóru broti. Músíkalska músin er unnin að öllu leyti í Prentsmiðjunni Hólum hf.

Í þýðingu Friðu Björnsdóttur blaðamanns.

Bókinni er skipt í fjóra meginflokka: 1. Það gerðist fyrir löngu. 2. Plöntur og dýr. 3. Hvernig gerast hlutirnir. 4. Fólk og staðir. Hver kafli er ríkulega myndskreyttur með skemmtilegum teikningum í lit, sem Colin og Moria Maclean hafa gert, en þau eru þekkt fyrir myndskreytingar í fjölmörgum barnabókum.

Reykjavík fyrri tíma

Árni Óla

Út er komin hjá Skuggsjá Reykjavík fyrri tíma I eftir Árna Óla. Er hér um að ræða endurútgáfu Reykjavíkurbóka hans, sem voru 6 að tölu. Þessi nýja útgáfa Reykjavíkurbókanna verður í þremur bindum, þ.e. tvær bækur í hverju bindi. Í þessu fyrsta bindi eru Fortíð Reykjavíkur og Gamla Reykjavík.

Reykjavíkurbækur Árna Óla hafa að geyma geysileg mikinn fróðleik um Reykjavík fyrri tíma, um persónur, stofnanir og staði, og er í þessu bindi hálf annað hundrad gamalla mynda frá þessum tíma, m.a. margt mynda af málverkum Jóns Helgasonar biskups.

Sigurður Bjarnason frá Vigur, um langt árabil náinn vinur og samstarfsmaður Árna Óla á Morgunblaðinu skrifar formála fyrir þessari útgáfu. Í formálanum segir hann m.a.:

„... íslenska þjóðin og þá ekki sízt íbúar Reykjavíkur eiga honum mikið að þakka. Þessi mikilhæfi fræðimaður var alla sína ævi að grafa upp alþýðlegan fróðleik. Ég hef leyft mér að staðhæfa: „Hann var högværastur allra, leitaði ávallt sannleikans að fornu og nýju“.

